

## Áherslumiðuð skoðun - Leiðbeiningar til skoðunarstofa

### Áherslumiðuð skoðun ÁHM-4

Matvælastofnun hefur ákveðið að á 4. ársfjórðungi 2009 skuli skoðanir skoðunarstofa í fiskvinnsluhúsum vera með aðaláherslu á þáttum sem varða:

- Uppbyggingu innra eftirlits byggt á HACCP
- Rekjanleiki
- Þekking á grunnreglum HACCP

Auk þessara áhersluatriða verði eftirfarandi jafnframt skoðað:

- Skráningar innra eftirlits
- Hreinlæti og þrif
- Eftirfylgni frávika frá síðustu skoðun.

Skoðunarmanni ber að auki að tilgreina þau frávik sem hann verður var við, sem geta ógnað öryggi framleiðslunnar þó þau falli ekki undir þau áherslusvið sem hafa verið tilgreind á þessu skoðunartímabili.

### Gildissvið

Áherslumiðaðar skoðanir gilda eingöngu fyrir landvinnslugreinar sem eru með heilsársvinnslu.

### Framkvæmd

Útbúinn hefur verið sérstakur gátlisti sem er hjálpartæki vegna áherslusviðanna. Hann er byggður upp úr spurningum og skal dæmt á viðkomandi skoðunarnúmer ef svör við spurningunum leiða í ljós frávik. Skoðunarnúmerin eru úr skoðunarhandbók Matvælastofnunar.

Skoðun þessa skal ekki tilkynna til leyfishafa fyrirfram.

### Tilmæli

Nokkrar spurningar í gátlista þessa tímabils, sem auðkenndar eru með því að þær eru skáletraðar, vísa ekki til krafna í skoðunarhandbók. Þær kröfur munu koma inn með nýjum reglum sem Matvælastofnun innleiðir á næstunni. Skoðunarmaður skal gera grein fyrir stöðu þeirra með því að skrá neðst í skoðunarvottorð undir lið sem kallaður er **Tilmæli** að vinnsluleyfishafi taki á þessum kröfum.

### Vinnsluleyfi og vinnsluleyfisnúmer

Í þessari skoðunarlotu er óskað eftir því að fram komi hvaða vinnsluleyfisnúmer eru í notkun og hver ekki. Ástæðan er endurskipulagning IS-númerakerfisins og gjaldtökukerfisins. Mikilvægt er að þessar upplýsingar séu nákvæmar. Skilist til Matvælastofnunar í sérstakri samantekt.

### Upplýsingagjöf til Matvælastofnunar

Skoðunarstofur skulu nota gátlistann sem hjálpartæki við skoðunina. Gátlistanum skal ekki skilað til Matvælastofnunar né hann skilinn eftir hjá viðkomandi leyfishafa, en frávik ber að færa inn á skoðunarvottorð og skila til Matvælastofnunar samkvæmt gildandi fyrirmælum þar um.

Á skoðunarvottorði komi skýrt fram að skoðunin hafi verið „áherslumiðuð skoðun“ með merkingunni „ÁHM-4“.

Sé það heildarmat skoðunarmanns að ásigkomulag einstakra vinnslustöðva sé með þeim hætti að ekki sé tryggt að unnt sé að framleiða eða geyma þar fiskafurðir á heilnæman hátt, ber honum að tilkynna það sérstaklega til Matvælastofnunar með tölvupósti.

Inn í þetta heildarmat koma öðru fremur eftirfarandi atriði:

- Hreinlæti og þrif
- Hætta á krossmengun afurða
- Umgengni
- Framkvæmd innra eftirlits
- Þekking og hæfi ábyrgðarmanns

### **Samskipti skoðunarstofu og leyfishafa**

Ábyrgðarmaður vinnslu eða staðgengill hans skal vera skoðunarmanni til aðstoðar og leggja fram þau gögn sem skoðunarmaður fer fram á. Skoðunarmaður skal í upphafi gera ábyrgðarmanni grein fyrir í hverju skoðunin sé fólgin og það sérstaklega að hún sé ekki heildarskoðun og því sé mögulegt að ekki verði öll frávik tilgreind í skoðunarvottorði.

Í lok heimsóknar skal skoðunarmaður yfirfara niðurstöðu skoðunarinnar og gildi hennar með ábyrgðarmanni. Sé það mat skoðunarmanns að ásigkomulag vinnslustöðvarinnar sé með þeim hætti að það gefi tilefni til sérstakrar tilkynningar til Matvælastofnunar, skal skoðunarmaður benda ábyrgðarmanni sérstaklega á þau frávik.

Selfossi, 9. október 2009